

**Leiðbeiningar um gerð umsókna um viðurkenningu fræðsluaðila
á grundvelli laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og reglugerðar nr. nr. 1163/2011**

Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 skal mennta- og menningarmálaráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veita fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðila uppfylli almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stöð í þeim.

Eftirfarandi leiðbeiningar lýsa þeim upplýsingum sem fræðsluaðilar þurfa að veita til að geta hlotið viðurkenningu ráðuneytisins til að annast framhaldsfræðslu skv. ákvæðum laga nr. 27/2010 og reglugerðar nr. 1163/2011. Við afgreiðslu umsókna er gengið úr skugga um að starfsemi viðkomandi fræðsluaðila uppfylli einstaka þætti krafanna. Umsækjendur geta haft leiðbeiningarnar til hliðsjónar við samningu umsókna.

Viðurkenning er veitt á grundvelli umsóknar sem ráðuneytinu berst frá eigenda eða stjórn fræðsluaðila. Með umsókn skal leggja fram eftirfarandi gögn eða upplýsingar:

1. Nafn og kennitala umsækjanda sem skal vera sjálfseignarstofnun, hlutafélag eða starfa samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Viðurkenning er gefin út á nafn og kennitölu umsækjanda.
2. Lýsing á meginmarkmiðum í starfsemi umsækjanda sem verður að uppfylla ákvæði 2. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og skilyrði laganna um skipulag náms og kennslu, aðstöðu og rekstur. Þetta felur m.a. í sér lýsingu á helstu áherslum í fræðslustarfsemi umsækjanda, námskrám og skipulagi náms, námsframboði, og skilgreindum námslokum, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimati o.fl. Enn fremur sérstöðu eða sérkennum starfseminnar og áætlaðri þörf fyrir hana svo og hvaða markhópi nemenda starfinu er einkum ætlað.
3. Lýsing á fyrirkomulagi kennslu, kennsluáferðum og námsmati (t.d. staðbundið nám, fjarnám, verklegt nám) sem beitt er hjá fræðsluaðilanum.
4. Lýsing á aðstöðu, þ.e. húsnæði fræðsluaðila og búnaði, ásamt vottorðum frá yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála og lýsingu á aðgengi fatlaðra, eða annarri sérhæfðri aðstöðu sem starfsemin kann að krefjast.
5. Lýsing á stjórnun, m.a. skipurit um stjórnskipan, kjörin stjórn (t.d. eigenda), stjórn daglegrar starfsemi, fagstjórn, fjármálastjórn o.þ.h.
6. Upplýsingar um menntun og reynslu stjórnenda.
7. Upplýsingar um kröfur til þeirra sem annast kennslu og ráðgjöf, menntun þeirra og starfsreynslu.
8. Staðfesting á því hvernig fjárhagslegri ábyrgð er háttáð, hvernig fræðsluaðili fjármagnar starfsemi sína og hvernig fjárhagslegt rekstraröryggi starfseminnar er tryggt. Skrifleg trygging fyrir því að nemendur geti lokið námi sínu. Heimilt er að krefjast bankatryggingar af fræðsluaðila til að fullnægja þessu skilyrði.
9. Með umsókn skal liggja fyrir yfirlýsing eigenda/stjórn um að hann veiti mennta- og menningarmálaráðuneyti upplýsingar um starfsemi fræðsluaðila á hverjum tíma.
10. Lýsing á innra gæðakerfi og sjálfsmati fræðsluaðila og að það fullnægi skilyrðum IV. kafla laga um framhaldsfræðslu um mat og eftirlit með gæðum.
11. Lýsing á námslokum, hvaða viðurkenningu, réttindi eða prófheiti fá nemendur að námi loknu, á hvaða hæfniprepi eru námslokin staðsett og hvers konar staðfestingu (skírteini) fá nemendur að loknu námi.
12. Lýsing á nemendabókhalda. Hvernig er skráningu og upplýsingum um nám og námsferill nemenda háttáð. Hvernig mun fræðsluaðili tryggja nemendum aðgang að upplýsingum úr námsferli eftir að námi lýkur?
13. Upplýsingar um hvernig réttindi og skyldur nemenda eru skilgreind og að réttur þeirra sé tryggður í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Lýsing á meðferð ágreiningsmála hjá fræðsluaðila, leiðum sem nemendur og starfsmenn hafa til að leita réttar síns telji þeir á sér brotið.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 13. mars 2012